

Mál nr. 503/2011

M

og

V (vátryggingafélag)

. v/slysátryggingar ökumanns og eiganda

**Ágreiningur um skerðingu bótaréttar í kjölfar umferðarslyss 14.09. 2007,
sökum stórkostlegs gáleysis.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna umferðarslyss.

Vátryggingafélagið hefur viðurkennt bótaskyldu til hálf. Það telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. M ók bifreið sinni vestur Vífilsstaðaveg, þegar umferðarljós sýndu gult hafi hann að eigin sögn gefið í til þess að komast yfir gatnamótin en hann misst stjórn á bifreiðinni þannig að hún endaði á hvolfi sbr. gögn málsins.

Gögn málsins geta frásagnar vitna. Vitað er um mikinn hraða bifreiðarinnar sem hafi stokkið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum verður að telja að M hafi valdið umræddu óhappi með stórkostlegu gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Með vísan til þessa og niðurstöðu dómstóla og afstöðu nefndarinnar í sambærilegum tilvikum þykir rétt að skerða bótarétt M um 1/3 sbr. ákvæði umferðarlaga, vátryggingarskilmála og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hluta tjóns M.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.